



**U S T**

**Umhverfisstofnun**

*Environment and Food Agency of Iceland*

• Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)

[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Skipulagsstofnun  
Rúnar Dýrmondur Bjarnason  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. janúar 2006

Tilvisun: UST20051200133/sf

### **Stækkun kjúklingaeldishúsa á Ásmundarstöðum í Ásahreppi. Matsskylda.**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 20. desember 2005 þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000.

#### **Framkvæmdalýsing**

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að Reykjagarður hf. áformar að byggja þrjú ný kjúklingahús með alls 40.014 stæðum fyrir fugla og eitt nýtt stofnahús á Ásmundarstöðum í Ásahreppi, til viðbótar við þá starfsemi sem fyrir er á svæðinu. Þar kemur einnig fram að varpstofnahúsið sé ekki tilkynningarskylt þar sem fjöldi stæða fyrir varphænur ná ekki því marki sem sett er í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að jafnvel þótt stofnahúsið sem slíkt teljist ekki tilkynningarskylt er nauðsynlegt að taka mið af samlegðaráhrifum þeirrar starfsemi og annarri starfsemi Reykjagarðs enda um sams konar umhverfisáhrif að ræða. Einnig bendir stofnunin á að samkvæmt 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum eru tilkynningarskyldar framkvæmdir m.a. allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir skv. 1. eða 2. viðauka sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Framkvæmdasvæðið er að mestu á gömlum túnnum sem á sínum tíma voru tekin í rækt með framræslu í mýrlendi, en flest þeirra eru ennþá nýtt. Af þeim sökum eru töluverð jarðvegsskipti nauðsynleg við frágang á grunnnum fyrir húsin. Framkvæmdasvæðið er hvorki innan friðlýsts svæðis né annarra svæða sem eru á náttúruminjasrá. Fyrirliggjandi er tillaga að deiliskipulagi fyrir starfsemi Reykjagarðs að Ásmundarstöðum. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gerir ekki athugasemdir við tillöguna enda verði farið að reglum varðandi fyrirkomulag fráveitna, neysluvatnsveitu og sorphirðu á skipulagssvæðinu, sbr. fylgiskjal 1 með tilkynningu framkvæmdaraðila.

#### **Umhverfisáhrif**

Helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar varða förgun skíts og frárennsli frá húsunum.

**Förgun skíts**

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að vegna nýju kjúklingahúsanna munu falla til um 374 rúmmetrar af skít til viðbótar á ári. Ætlunin er að sú viðbót, auk þess magns sem nýtt hefur verið til uppgræðslu á Selsandi, verði nýtt til frekari uppgræðslu fjær mannabyggðum í samstarfi við Landgræðsluna á Gunnarsholti. Auk þess eru í gangi viðræður við bændur á öðrum svæðum til að nýta skítinn til áburðar. Öllum skít verði því ekið af svæðinu og hann nýttur á vistvænan hátt til uppgræðslu á gróðurlausum svæðum.

Í starfsleyfi fyrir rekstri alifuglabúsins að Reykjagarði (sjá fylgiskjal 3 með tilkynningu um framkvæmdina) kemur skýrt fram hvernig meðhöndla skal skítinn fyrir losun og dreifingu. Mikilvægt er að þeim ákvæðum í starfsleyfingu verði framfylgt. Tryggja þarf að dreifing skítsins valdi ekki mengun vatns og þarf við val á uppgræðslusvæðum m.a. að taka til þess. Samkvæmt gr. 7.1 í reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri segir að í starfsleyfi fyrir starfsleyfisskylda búfjárframleiðslu skulu vera ákvæði um söfnun, geymslu og dreifingu búfjáráburðar sem taki mið af starfsreglum um góða búskaparhætti, sbr. 14. gr. reglugerðarinnar. Við það skal miðað að dreifing búfjáráburðar fari að jafnaði fram á tímabilinu 15. mars til 1. nóvember ár hvert og að jafnaði sé ekki dreift á frosna jörð. Nauðsynlegt er að við geymslu og notkun áburðarins verði fylgt ákvæðum reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og starfsreglum um góða búskaparhætti.

**Fráveita**

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að fráveituvatn frá núverandi húsum fari í rotþrær sem staðsettar eru á svæðinu. Nýju húsin verða tengd inn á þær fráveitur enda eigi afkastageta þeirra að vera næg. Umhverfisstofnun bendir á að tryggt þarf að vera að afkastageta núverandi rotþróa sé nægileg.


**Starfsleyfi**

Starfsemi Reykjagarðs og fyrirhuguð framleiðsluaukning er háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar, sbr. 8. gr. og I. viðauka í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Umhverfisstofnun vekur athygli á að beita verður bestu fánlegu tækni í samræmi við upplýsingar í skýrslunni „*Reference Document on Best Available Techniques for Intensive Rearing of Poultry and Pigs*” frá júlí 2003 (sjá <http://eippcb.jrc.es/pages/FActivities.htm>). Meðfylgjandi er útprentun af kafla 5.3 í skýrslunni þar sem fjallað er um bestu fánlegu tækni í þaueldi alifugla.

**Niðurstaða**

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt miðað við staðsetningu, umfang og eðli framkvæmda að fyrirhuguð bygging nýrra kjúklingahúsa og varpstofnahúss og aukning í framleiðslu Reykjagarðs að Ásmundarstöðum muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Virðingarfyllst

  
Sigrúros Friðriksdóttir

  
Helgi Jónsson

Meðfylgjandi: Kafli 5.3 í Reference Document on Best Available Techniques for Intensive Rearing of Poultry and Pigs.